

LÖG**um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, orðast svo: Heilsuverndarstarf í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 44/1955 skal haldast óbreytt til ársloka 1992 en þá skulu heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það. Sérstök þriggja manna stjórn, skipuð af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skal í umboði hans annast rekstur Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og vinna að endanlegri gerð áætlunar um framtíðarhlutverk stöðvarinnar. Í stjórninni skulu eiga sæti einn fulltrúi ráðherra, sem skal vera formaður, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar og einn samkvæmt tilnefningu tryggingaráðs. Áætlunin skal koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1993. Frá þeim tíma falla heilsuverndarlög, nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1991.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Nr. 87

21. desember 1991

FORSETA BRÉF**um frestun á fundum Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 115. löggjafarþings, frá 22. desember 1991 og standi sú frestun til 6. janúar 1992 nema kveðja þurfi Alþingi saman skv. síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1991.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Davíð Oddsson.